Nd. **206. Frumvarp til laga** [120. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþing, 1963—64.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1964 skal koma saman laugardaginn 10. október 1964, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verði eigi annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi 1964 koma saman eigi síðar en 15. febrúar.

Þar sem Alþingi því, er nú situr, mun eigi verða lokið fyrir þann tíma, ber nauðsyn til að ákveða annan samkomudag. Lagt er til, að Alþingi komi saman í síðasta lagi 10. október 1964.